



Fundargerð

2. fundur stjórnar Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar

Fundur var haldinn í stjórn Styrktarsjóðs Snorra Gíslasonar frá Papey í Geysi fimmtudaginn 24. október 2019 kl. 08:15. Fundinn sátu Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir og Kristján Ingimarsson. Kristján stjórnaði fundi og Gauti ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Starfsreglur stjórnar
3. Styrkumsóknir, úthlutun styrkja

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún staðfest.

2. Starfsreglur stjórnar

Formaður kynnti drög að nýjum starfreglum fyrir stjórn. Afgreiðslu frestað.

3. Styrkumsóknir, úthlutun styrkja

Farið yfir umsóknir sem borist hafa frá Óliver Ás Kristjánssyni, Gabríel Erni Björgvinssyni og Kamillu Marín Guðnýjardóttur. Allar umsóknir voru vandaðar og vel fram settar. Við þessa fyrstu úthlutun sjóðsins leggur stjórnin til við sveitarstjórn að Gabríel Örn Björgvinsson fái styrkinn skólaárið 2019-2020 þar sem umsókn hans falli best að þeim skilyrðum sem sett eru fyrir úthlutun. Formanni falið að svara umsækjendum að aflokinni afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:40.

Gauti Jóhannesson, fundarritari